



Fundargerð

27. fundur öldungaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Nesvöllum
9. september 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Rúnar V. Arnarson, formaður, Sigrún Þorsteinsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir, fulltrúar Reykjaneshæjar, Brynja Þóra Valtýsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Kristján G. Gunnarsson, fulltrúar Félags eldri borgara og Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Að auki sátu fundinn Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Gunnar Jón Ólafsson boðaði forföll og sat Birna Ósk Óskarsdóttir fundinn í hans stað. Jón Ólafur Jónsson boðaði forföll og sat Brynja Þóra Valtýsdóttir fundinn í hans stað. Rósa Víkingisdóttir boðaði forföll og sat Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir fundinn í hennar stað.

* * *

1. Öldungaráð Reykjaneshæjar - hlutverk og skipting embættis (2026060289)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu og Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fóru yfir hlutverk öldungaráðs.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar þann 2. júní 2026 voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúar í öldungaráð kjörtímabilið 2026-2030:

Aðalfulltrúar: Rúnar Vífill Arnarson (D), Sigrún Þorsteinsdóttir (M) og Gunnar Jón Ólafsson (B).

Varafulltrúar: Karvel Granz (M), Ólafur Bjarnason (D) og Birna Ósk Óskarsdóttir (B).

Bæjarstjórn kaus Rúnar Vífil Arnarson sem formann öldungaráðs.

Fulltrúar Félags eldri borgara:

Aðalfulltrúar: Kristján Gunnar Gunnarsson, Jón Ólafur Jónsson, Ingibjörg Magnúsdóttir

Varafulltrúar: Kristján B. Gíslason, Brynja Þóra Valtýsdóttir

Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja:

Aðalfulltrúi: Rósa Víkingisdóttir

Varafulltrúi: Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir

Öldungaráð kaus í eftirtalin embætti:

Kristján Gunnar Gunnarsson var kjörinn varaformaður öldungaráðs.

Sigrún Þorsteinsdóttir var kjörin ritari öldungaráðs.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2026050308)

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjanesbæ lagðar fram til kynningar. Markmið siðareglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Reykjanesbæjar. Með undirritun sinni staðfesta bæjarfulltrúar og aðrir sem kjörnir eru til setu í ráðum og nefndum fyrir hönd Reykjanesbæjar að þau tileinki sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi við störf sín.

1. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu vegna vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir svörum fyrir 21. september nk. frá sveitarfélögum sem ætlað er að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins.

Öldungaráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að vinna að svörum er varða málefni eldra fólks í samræmi við umræður á fundinum.

2. Erindisbréf öldungaráðs (2026060120)

Erindisbréf öldungaráðs Reykjanesbæjar lagt fram.

Öldungaráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að senda athugasemdir ráðsins við erindisbréfið til forsetanefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:22.